

Nr. 285

21. mars 2016

GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjald í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Vestmannaeyjabæ, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,20% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa, útihúsa, sumarbústaða og mannvirkja á bújörðum sem tengd eru landbúnaði. Af öllum öðrum fasteignum skal álagningarstofninn vera 0,30% af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi.

F.h. Vestmannaeyjabæjar, 21. mars 2016,

Rut Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2016